# Kvígur frá NautÍs

Uppbygging hreinræktaðrar Angus-hjarðar hjá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti hefur gengið vel á undanförnum árum og stöðin því aflögufær með kvígur. Á þessu ári eru boðnar til kaups sjö hreinræktaðar Angus-kvígur. Hér á eftir fer örstutt kynning á þeim kvígum sem standa til boða núna. Kvígurnar dæmdu og lýstu þær Ditte Clausen og Linda Margrét Gunnarsdóttir hjá RML. Varðandi lýsingar þessara gripa er mikilvægt að hafa í huga að hér er um mun holdfylltari gripi að ræða en við eigum að venjast hérlendis.



Guðmundur Jóhannesson.

Kvígurnar eru dætur Jenna 21405, Lilla 22402 og Manitu av Høystad NO74081 og móðurfeðurnir eru Hovin Hauk NO74043, Jens av Grani NO74061, Laurens av Krogedal NO74075 og Li's Great Tigre NO74039. Þetta eru þetta naut sem eru þekkt að því að gefa góðar kýr til undaneldis, bæði hvað varðar burð og aðra mæðraeiginleika.



## Mara 1662742-0085

Fædd 18. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Manitu av Høystad NO74081 | M. | Rauðka IS1662742-0057 |
| Ff. | GB542697200703 Netherton Americano M703 | Mf. | Laurens av Krogedal NO74075 |
| Fm. | Gloria av Grani NO32459 | Mm. | Fóstra-ET IS1662742-0008 |
| Fff. | GB542697100527 Netherton Mr Rader J527 | Mff. | Horgen Erie NO74029 |
| Ffm. | GB542697400474 Netherton Annie H474 | Mfm. | 1879 av Krogedal NO31897 |
| Fmf. | CA1469322 HF El Tigre 28U | Mmf. | Li's Great Tigre NO74039 |
| Fmm. | NO27595 | Mmm. | Lara av Høystad NO49943 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt Mara er vöðvafyllt og falleg kvíga. Bakið er breitt og vöðvað, lærahold mjög góð. Fótstaða góð og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.
**Umsögn:** Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Mara 453 kg og hafði því vaxið um 1.081 g/dag frá fæðingu.
**Ómvöðvi:** 54,0 mm, ómfita: 6,20 mm.
**Staða:** Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 5 |
| Lengd mala | 9 | 8 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 4 |
| Brjóstbreidd | 6 | 7 |
| Boldýpt | 8 | 8 |
| Herðabreidd8 | 8 | |
| Spjaldbreidd | 8 | 8 |
| Lærabreidd | 7 | 8 |
| Innri læri | 8 | 8 |
| Dýpt lærvöðva | 8 | 7 |
| Lærafylling | 8 | 8 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 6 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 6 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |



## Messa 1662742-0087

Fædd 18. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Manitu av Høystad NO74081 | M. | Jenna IS1662742-0041 |
| Ff. | GB542697200703 Netherton Americano M703 | Mf. | Jens av Grani NO74061 |
| Fm. | Gloria av Grani NO32459 | Mm. | Eir-ET IS1662742-0019 |
| Fff. | GB542697100527 Netherton Mr Rader J527 | Mff. | AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8 |
| Ffm. | GB542697400474 Netherton Annie H474 | Mfm. | Evy av Grani NO30798 |
| Fmf. | CA1469322 HF El Tigre 28U | Mmf. | Horgen Erie NO74029 |
| Fmm. | NO27595 | Mmm. | Maiken av Grani NO102576 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Messa er stór og falleg kvíga með mikinn og vel gerðan frampart. Lærahold eru mjög góð og fótstaða sterkleg en klaufir aðeins brattar. Ákaflega rólegur gripur.
**Umsögn:** Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Messsa 465 kg og hafði því vaxið um 1.120 g/dag frá fæðingu.
**Ómvöðvi:** 62,4 mm, ómfita: 8,40 mm.
**Staða:** Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 6 |
| Lengd mala | 9 | 8 |
| Breidd mala | 8 | 8 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 6 | 5 |
| Boldýpt | 8 | 9 |
| Herðabreidd | 8 | 8 |
| Spjaldbreidd | 8 | 8 |
| Lærabreidd | 7 | 8 |
| Innri læri | 8 | 8 |
| Dýpt lærvöðva | 8 | 7 |
| Lærafylling | 8 | 8 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 7 |
| Halli klaufa | 5 | 6 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 6 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 4 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 4 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 7 |



## Molta 1662742-0091

Fædd 29. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Manitu av Høystad NO74081 | M. | Læða IS1662742-0060 |
| Ff. | GB542697200703 Netherton Americano M703 | Mf. | Laurens av Krogedal NO74075 |
| Fm. | Gloria av Grani NO32459 | Mm. | Sveina-ET IS1662742-0004 |
| Fff. | GB542697100527 Netherton Mr Rader J527 | Mff. | Horgen Erie NO74029 |
| Ffm. | GB542697400474 Netherton Annie H474 | Mfm. | 1879 av Krogedal NO31897 |
| Fmf. | CA1469322 HF El Tigre 28U | Mmf. | Li's Great Tigre NO74039 |
| Fmm. | NO27595 | Mmm. | Letti av Nordstu NO100514 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Molta er breiðvaxin og þroskamikil kvíga. Vöðvafylling er mikil og lærin breið og vel vöðvuð. Fótstaða er góð en klaufir litlar og brattar. Örlítið kvik í skapi.
**Umsögn:** Fæðingarþungi var 40 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Molta 430 kg og hafði því vaxið um 1.303 g/dag frá fæðingu.
**Ómvöðvi:** 64,0 mm, ómfita: 6,20 mm.
**Staða:** Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 4 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 9 |
| Breidd mala | 8 | 8 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 6 | 7 |
| Boldýpt | 8 | 9 |
| Herðabreidd | 8 | 8 |
| Spjaldbreidd | 8 | 9 |
| Lærabreidd | 7 | 9 |
| Innri læri | 8 | 8 |
| Dýpt lærvöðva | 8 | 8 |
| Lærafylling | 8 | 9 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 7 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 5 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 3 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 4 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 6 |



## Móna 1662742-0093

Fædd 4. maí 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Manitu av Høystad NO74081 | M. | Lúra IS1662742-0062 |
| Ff. | GB542697200703 Netherton Americano M703 | Mf. | Laurens av Krogedal NO74075 |
| Fm. | Gloria av Grani NO32459 | Mm. | Assa-ET IS1662742-0018 |
| Fff. | GB542697100527 Netherton Mr Rader J527 | Mff. | Horgen Erie NO74029 |
| Ffm. | GB542697400474 Netherton Annie H474 | Mfm. | 1879 av Krogedal NO31897 |
| Fmf. | CA1469322 HF El Tigre 28U | Mmf. | Hovin Hauk NO74043 |
| Fmm. | NO27595 | Mmm. | Mose av Grani NO102588 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Móna er falleg og vel vöðvafyllt kvíga. Framparturinn er vöðvaður og góður, bakið breitt og vel fyllt. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.
**Umsögn:** Fæðingarþungi var 34 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vóg Móna 430 kg og hafði því vaxið um 1.076 g/dag frá fæðingu.
**Ómvöðvi:** 56,3 mm, ómfita: 8,50 mm.
**Staða:** Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 6 |
| Lengd mala | 9 | 9 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 6 | 6 |
| Boldýpt | 8 | 7 |
| Herðabreidd | 8 | 8 |
| Spjaldbreidd | 8 | 8 |
| Lærabreidd | 7 | 7 |
| Innri læri | 8 | 8 |
| Dýpt lærvöðva | 8 | 7 |
| Lærafylling | 8 | 7 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 5 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 7 |



## Jafna 1662742-0098

Fædd 1. júní 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.
Ætt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Jenni 21405 | M. | Silla-ET IS1662742-0005 |
| Ff. | Jens av Grani NO74061 | Mf. | Li's Great Tigre NO74039 |
| Fm. | Vænting-ET IS1662742-0021 | Mm. | Lara av Høystad NO49943 |
| Fff. | AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8 | Mff. | CA1469322 HF El Tigre 28U |
| Ffm. | Evy av Grani NO30798 | Mfm. | Elise fra Li NO30822 |
| Fmf. | Horgen Erie NO74029 | Mmf. | Ivar fra Li NO74047 |
| Fmm. | Maiken av Grani NO102576 | Mmm. | Helle av Høystad NO34418 |

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 6 |
| Lengd mala | 9 | 7 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 6 | 5 |
| Boldýpt | 8 | 7 |
| Herðabreidd | 8 | 7 |
| Spjaldbreidd | 8 | 7 |
| Lærabreidd | 7 | 6 |
| Innri læri | 8 | 7 |
| Dýpt lærvöðva | 8 | 6 |
| Lærafylling | 8 | 7 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 7 |
| Halli klaufa | 5 | 6 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 6 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 7 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Jafna er fíngerð kvíga með góða vöðvafyllingu í baki og lærum. Fótstaða er góð og klaufir vel gerðar. Örlítið kvik í skapi.
**Umsögn:** Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Jafna 364 kg og hafði því vaxið um 962 g/dag frá fæðingu.
**Ómvöðvi:** 56,4 mm, ómfita: 6,20 mm.
**Staða:** Fengin við Massa 24406 (óstaðfest).


POTTIPUTKI geispur
og burðarhöld
ásamt fleiri vörum
fyrir skógarfólk
VORVERK.IS
Þverholt 2 – (Kjarni) Mosfellsbær
sími 665 7200 vorverk@vorverk.is




Besti vinur blóma og berja
Ylplast fyrir sólskála, gróðurhús og þakglugga
Signa Fást




Signa ehf Bæjarflöt 19-o, 112 Rvk www.signa.is 544 45 45 signa@signa.is

## Hreinræktaðir Aberdeen Angus gripir til sölu í júlí 2025
## Tilboð óskast !!

Um er að ræða 8 naut og 7 kvígur. Nautin Moli 24402 og Möskvi 24404 fara að Hesti í sæðistöku og kyngreiningu á sæði sem verður í ágúst. Kvígurnar verða vonandi fengnar. Frekari upplýsingar um gripina eru í þessu Bændablaði og á heimasíðu BSSL og RML.

Ákveðið var að styðjast við sömu útboðsreglur og í fyrra en þær eru að finna á heimasíðu BSSL. Óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvern grip á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við Svein í síma 894-7146 og fengið blaðið sent til sín.

Hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvert naut og sömuleiðis eitt gilt tilboð í hverja kvígu en sami aðili má kaupa eitt naut og eina kvígu. Lágmarksboð í nautin er 1.000.000 kr – kr ein milljón - án vsk. Lágmarksboð í kvígurnar er 700.000 kr – án vsk og verða lægri tilboð ekki tekin gild. Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í ábyrgðarpósti merkt:

**Tilboð í nautgripi**
**Nautgriparæktarmiðstöð Íslands**
**Austurvegi 1 800 Selfoss**

Tilboðið þarf að vera póstlagt í síðasta lagi miðvikudaginn 2. júlí 2025 en tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim miðvikudaginn 9. júlí 2025 og hefst kl. 10:00. Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við þegar tilboðin eru opnuð og eða fylgjast með á teams fundi og fá sendan hlekk á fundinn til sín. Líka er hægt að senda eyðublaðið í tölvupósti á gunnar@bssl.is í síðasta lagi 8. Júlí.

NAUTGRIPARÆKTARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS
NAUTÍS



## Jóna 1662742-0100

Fædd 2. júní 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | |
|---|---|
| F. Jenni 21405 | M. Lukka IS1662742-0059 |
| Ff. Jens av Grani NO74061 | Mf. Laurens av Krogedal NO74075 |
| Fm. Vænting-ET IS1662742-0021 | Mm. Eir-ET IS1662742-0019 |
| Fff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8 | Mff. Horgen Erie NO74029 |
| Ffm. Evy av Grani NO30798 | Mfm. 1879 av Krogedal NO31897 |
| Fmf. Horgen Erie NO74029 | Mmf. Horgen Erie NO74029 |
| Fmm. Maiken av Grani NO102576 | Mmm. Maiken av Grani NO102576 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Jóna er fremur smá og fíngerð. Bak- og lærahold eru ágæt og dýpt lærvöðva góð. Fótstaða er góð og klaufir vel gerðar. Örlítið kvik í skapi.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 35 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Jóna 345 kg og hafði því vaxið um 914 g/dag **frá fæðingu.**

**Ómvöðvi:** 56,3 mm, ómfita: 6,10 mm.

**Staða:** Fengin við Massa 24406 (óstaðfest).

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 5 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 7 |
| Breidd mala | 8 | 6 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 6 | 5 |
| Boldýpt | 8 | 7 |
| Herðabreidd | 8 | 6 |
| Spjaldbreidd | 8 | 6 |
| Lærabreidd | 7 | 6 |
| Innri læri | 8 | 5 |
| Dýpt lærvöðva | 8 | 7 |
| Lærafylling | 8 | 6 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 6 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 6 |



## Lilla 1662742-0101

Fædd 14. júní 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | |
|---|---|
| F. Lilli 22402 | M. Assa-ET IS1662742-0018 |
| Ff. Laurens av Krogedal NO74075 | Mf. Hovin Hauk NO74043 |
| Fm. Silla-ET IS1662742-0005 | Mm. Mose av Grani NO102588 |
| Fff. Horgen Erie NO74029 | Mff. AUVTMB1 Te Mania Berkley B1 |
| Ffm. 1879 av Krogedal NO31897 | Mfm. Hovin Victoria NO23868 |
| Fmf. Li‘s Great Tigre NO74039 | Mmf. First-Boyd fra Li NO74033 |
| Fmm. Lara av Høystad NO49943 | Mmm. Kaja av Grani 0794 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt Lilla er yngsta kvíga árgangsins. Hún er vel gerð með góða fyllingu um herðar og í baki. Læri ágætlega vöðvafyllt. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Örlítið kvik í skapi.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Lilla 370 kg og hafði því vaxið um 1.018 g/dag frá fæðingu.

**Ómvöðvi:** 53,5 mm, ómfita: 6,80 mm.

**Staða:** Fengin við Massa 24406 (óstaðfest).

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 6 |
| Halli mala | 7 | 6 |
| Lengd mala | 9 | 8 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 6 | 5 |
| Boldýpt | 8 | 7 |
| Herðabreidd | 8 | 7 |
| Spjaldbreidd | 8 | 7 |
| Lærabreidd | 7 | 7 |
| Innri læri | 8 | 7 |
| Dýpt lærvöðva | 8 | 6 |
| Lærafylling | 8 | 6 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 7 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 8 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 4 |
| Heild | 9 | 7 |

*Höfundur er ábyrgðarmaður nautgriparæktunar hjá RML.*








# Laxalús og mótvægisaðgerðir



Valdimar Ingi Gunnarsson

Það hefur verið mikið um laxalús á eldisfiski í sjókvíum á síðustu árum en það var þó jákvæð þróun á árinu 2024. Þrátt fyrir það er enn þá töluvert meira af laxalús á eldisfiski á Íslandi en t.d. í Noregi. Í þessari grein verður fjallað um umhverfisvænar mótvægisaðgerðir en í þeirri næstu um aflúsun með laxalúsalyfjum.

### Kröfur um mótvægisaðgerðir

Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi er ákvæði um að sjókvíaeldisstöðvar skuli starfa eftir viðbragðsáætlun vegna viðkomu sníkjudýra í sjókvíaeldi. Viðbragðsáætlunin skal fela í sér fyrirbyggjandi eða annars konar aðgerðir sem stuðla að heilbrigði og velferð lagardýra ásamt því að hindra útbreiðslu og útrýma smitsjúkdómum í lagardýrum og minnka smitálag á umhverfi. Það er ekki vitað hvort og þá hvaða mótvægisaðgerðir hafa verið viðhafðar hjá einstökum sjókvíaeldisstöðvum en um það eru engar opinberar upplýsingar svo vitað sé. Í tilfelli laxalúsafársins hjá Arctic Sea Farm og Arnarlax í Tálknafirði á árinu 2023 kom fram að engar mótvægisaðgerðir höfðu verið viðhafðar áður en til notkunar laxalúsalyfja kom.

### Mótvægisaðgerðir

Í rekstrarleyfum er kveðið á um að rekstraraðili vinni með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsa. Skoðum nú hvaða mótvægiaðgerðir einstaka rekstrarleyfishafar geta viðhaft:

- Fyrirbyggja að laxalús berist á eldisfisk.
- Fækka laxalús á eldisfiski.
- Meðhöndla eldisfisk við laxalús.

Þegar allar varnir bresta þá þarf að slátra eldisfiskinum eins og t.d. þurfti að gera í laxalúsafárinu í Tálknafirði á árinu 2023. Virkni mótvægisaðgerða er mismunandi, og einnig eru áhrif á velferð fisksins og umhverfisáhrif breytileg (tafla 1).

### Fyrirbyggja að laxalús berist á eldisfisk

Laxalúsalirfur halda sig að mestu í efstu metrum sjávar nema í tilfellum þar sem sjórinn er lagskiptur en þá eru þær aðallega neðan lagskipta þar sem seltuinnihald sjávar er hærra. Viðfangsefnið er að halda eldisfiskinum frá svæðum þar sem mest er af laxalúsalirfum og þannig lágmarka þann fjölda laxalúsalirfa sem ná að festa sig á fiskinum. Það er helst gert með því að hindra að laxalúsalirfurnar geti rekið inn í sjókvína s.s. með lúsapilsi og/eða tæla eldisfiskinn á svæði í kvínni þar sem minnst er um laxalús með fóðri og ljósum. Lúsapils eru með fínriðuðum möskvum og ná oft niður á 10 metra dýpi og þegar vel tekst til hindra að mestu að laxalúsalirfur nái að komast inn í sjókvína og smita eldisfisk.

### Fækka laxalús á eldisfiski

Eftir að laxalúsin hefur fest sig á eldisfisk eru ýmsar aðferðir til að fjarlægja hana af fiskum. Þær helstu sem koma til álita eru notkun á hreinsifiski (hrognkelsum), Stingrey og fóður sem eykur mótstöðu eldisfisksins. Hrognkelsi éta lúsina af eldisfiskinum. Í Stingrey er neðansjávarmyndavél sem staðsetur lúsina á fisknum og leysigeisli drepur hana. Fleiri aðferðir eru í þróun, s.s. hljóðlúsameðferð (AcuLice) sem notar lágtíðnihljóð til að fjarlægja laxalús af eldisfiski. Allt eru þetta aðferðir sem hafa takmörkuð eða engin neikvæð áhrif á velferð eldisfisksins og jafnframt engin neikvæð umhverfisáhrif.

### Meðhöndla eldisfisk við laxalús

Aflúsun felur oftast í sér að eldisfiski er dælt úr sjókví í brunnbát þar sem hann er meðhöndlaður, með volgu vatni, laxalús þrýst af, ferskvatnsböðun eða lyfjameðhöndlun. Meðhöndlun á eldisfiski hefur áhrif á velferð fisksins og getur jafnvel valdið